



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 6. tbl.

Júní 2010



17. júní 2010



Kæru sveitungar!

Hátíðarhöld í tilefni þjóðhátíðar- dagsins verða í Árnesi.

Kl. 12:00 hefjast dráttarvélaprautir, skráning á staðnum

Kl. 14:00 leikir og sprell við Neslaug

Kl. 15:00 hefðbundin hátíðardagskrá úti eða inni í Árnesi sem endar með kaffiveitingum í boði sveitarfélagsins.

Aukaföt eru nauðsynleg fyrir þá sem taka þátt í leikjum við sundlaugina.

Ath. Börn eru á ábyrgð foreldra.

Undirbúningsnefndin





Landnámsdagur 5. júní 2010

Þessar myndir voru teknar við þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal á landnámsdegi. Á myndunum hér til vinstri eru þau Ásborg ferðamálafulltrúi uppsveitanna og ónefndur víkingur, Eyþór Brynjólfsson þenur harmonikku fyrir utan bæinn en þau voru í undirbúningsnefndinni ásamt fleirum. Daníel Breki Elvars-son er neðst t.v. og Ísak Reyrr Hörpuson t.h. Þá er hand-verkið sagað kýrhorn soðið í laukhyði, brenndar á það rúnir og notað sem hálsmen. En hér að neðan eru svo systurnar, Ingibjörg, Jóhanna og Matthildur Vilhjálmsdætur sem höfðu veg og vanda að gómsætri kjötsúpu sem boðið var upp á og gestir gæddu sér óspart á í sólskini og blíðu.



Útskriftin 2010!



Frá Tækniskóla Íslands þann 21. maí útskrifaðist
Kristbjörg Viglín Víkingsdóttir, Grænuhlíð sem prentari.

Frá FSu Selfossi 21. maí brautskráðust þau

Agnes Eir Snæbjörnsdóttir	Hlemmiskeiði	starfsbraut
Arnar Árnason,	Hlemmiskeiði	starfsbraut
Árný Fjóra Ámundsdóttir	Norðurgarði	náttúrufræðibraut og með
próf af fyrri hluta listnámsbrautar.		
Eva Dögg Ólafsdóttir	Björnskoti	starfsbraut
Guðný Stefanía Tryggvadóttir	Hlíð	félagsfræðibraut
Hjördís Ólafsdóttir	Stóra-Núpi	málabraut
Jóhann Knútur Karlsson	Stóra-Núpi	náttúrufræðibraut
Sigríður Sóley Sveinsdóttir	Reykjahlíð	málabraut.

Jóhann Knútur fékk sérstakar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði, þýsku og stærðfræði þá fékk Arnar einnig sérstaka viðurkenningu fyrir frábæran árangur í leiklist og viðurkenningu fyrir mikla framför í námi, ástundun og góða félagsvitund. Skólasókn hans allar átta annirnar var 100% og er það svo sannarlega öðrum til eftirbreytni.

Flensborg í Hafnarfirði þann 22. maí

Erna Pórey Jónasdóttir	Brautarholti	félagsfræðibraut
------------------------	--------------	------------------

Frá Menntaskólanum að Laugarvatni 29. maí útskrifuðust

Aron Tommi Skaftason	Brautarholti	náttúrufræðibraut
Auður Gróa Valdimarsdóttir	Stóra-Núpi	félagsfræðibraut
Benjamín Julian Plaggenborg	Skaftholti	náttúrufræðibraut

Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri 4. júní

Anna Sigríður Valdimarsdóttir	Stóra-Núpi	
Lilja Jóhannesdóttir	Sléttabóli	
báðar útskrifaðar með Bs í náttúruumhverfisfræði –	almennri náttúrufræði	
Ragnheiður Másdóttir	Háholti	Bs í búvísindum

Frá Kennaraháskóla Íslands 12. júní útskrifaðist

Helga Guðlaugsdóttir, Brautarholti sem leikskólakennari



þetta er glæsilegur hópur. Innilega til hamingju með áfangann!

19. júní 2010

Kvennareiðtúrin – göngutúr!



Vegna hrossapestarinnar höfum við ákveðið að breyta kvennareiðtúrnum í gönguferð. Áætlað er að ganga um Þjórsárdalsskóg. Mæting er á bílastæðið við göngubrúna kl. 15:00. Við göngum saman í u.þ.b. 1 ½ - 2 klst.

Matur er kl 18:00 og sér Grillvagninn um hann.

Maturinn kostar **3500 kr.**, það þarf að greiða í seðlum vegna þess að enginn posi er á svæðinu. Það er líka hægt að kaupa gos og bjór. Það eru ekki mörg sæti, þannig að gott væri að taka með sér plaststól eða sessu. Það er hægt að mæta eingöngu í matinn. Tilkynnið þátttöku fyrir **miðvikudaginn 16. júní** til Bolette á Hæli í síma 862-5461 eða til Sigríðar í Steinsholti í síma 698-0433.



Tamningar og Þjálfun!



Hef nokkur laus pláss í tamningu og þjálfun. Er staðsett í Steinsholti í Gnúpverjahreppi.

Síðasta árið hef ég verið að temja hjá Steindóri Guðmundssyni á Hólum og Söru Ástþórsdóttur í Álfhólum.

Tek 35 þúsund á mánuði.

Kveðjur, Elísabet í Steinsholti 845-7615 og 486-6069

Þökkum samveruna.



Þökkum öllum nemendum Þjórsárskóla s.l. ellefu ár fyrir samveruna. Guð blessi ykkur öll.

Kær kveðja
Bergleif og Jóhanna



Vordagar í Þjórsárskóla voru viðburðaríkir. Um miðjan maí fóru 6.-7. bekkur í skólabúðir að Reykjum í Hnútafirði ásamt Bolette umsjónarkennara 7. bekkjar. Krakkarnir stóðu sig mjög vel í námi og leik. Sesselja og Gerður greiddu Ágústi til sigurs í hárgreiðslukeppni, Dýrfinna hlaut annað sæti í borðtenniskeppni og Gylfi það þriðja í sömu keppni. Allur hópurinn var til fyrirmyndar í framkomu og námi og skólanum og okkur öllum til mikils sóma. Finna má margar skemmtilegar myndir frá dvöl þeirra á heimasíðu skólans.

En á meðfylgjandi mynd er allur hópurinn.

Á meðan hópurinn var að Reykjum komu væntanlegir 1. bekkingar í heimsókn í skólan. Nemendur komu með skólabíl að morgni, tóku þátt í öllu starfi skólans og óku heim í skólabíl að honum loknum. Það var öflugur hópur nemenda og verður gaman að vinna með þeim á næsta skólaári. Í lok mánaðarins komu síðan foreldrar þeirra á fund í skólanum þar sem farið var yfir ýmis hagnýt atriði varðandi skólagöngu þeirra. 100% mæting var á fundinn og þakka ég foreldrum sérstaklega vel fyrir þátttökuna.



Mánudaginn 17. maí fór sundkeppni skólans fram í Brautarholti. Það voru 5.-7. bekkur sem kepptu. Andrea Ýr vann stúlkurnar, Dýrfinna varð í öðru sæti og Sesselja í því þriðja. Gylfi Dagur fór með sigur í strákaflokki, þá varð Arnþór Ósmann annar og Arnþór Ingvar í því þriðja. Leikskólakrakkar komu og fylgdust með keppninni. Að lokinni keppni var Bente íþróttakennara hent út í lauginna og allir nemendur og kennarar skelltu sér í leiksund fram að hádegi. Það var mikið fjör.

Á meðfylgjandi mynd eru sigurvegararnir.

Föstudaginn eftir var síðasti skógardagur skólaársins. Þá hlupu nemendur og starfsmenn skógar-skólahlaup skólans, samtals 144 km, Þá voru unnin verkefni í stærðfræði og það var sallað í ánni. Það var hlýtt veður þó sólin skini ekki.

Nemendur höfðu gaman af að vaða í ánni og kennarar létu ekki sitt eftir liggja. Margir nemendur fóru djúpt á meðan aðrir létu bera sig yfir kalda ána. Þetta var skemmtilegur dagur. Nú er komið nýtt skýli sem er stærra og skapar enn betri aðstöðu fyrir okkur á næsta skólaári. Ég hvet ykkur íbúa sveitarinnar að skoða og nýta ykkur þessa frábæru aðstöðu sem er í skóginum. Fimmtudagurinn 27. maí var síðasti skóladagur nemenda í skólanum. Þá var skipulögð stöðvavinna með leik og fjöri sem endaði með allsherjar vatnsslag. Að loknum leik grilluðu nemendur í 6. bekk pylsur fyrir samnemendur og starfsmenn og allir borðuðu úti. Að lokum gáfu Bergleif og Jóhanna öllum ís með þakklæti fyrir veturinn. Veðrið lék við okkur þennan dag.

Þjórsárskóla var síðan slitið 31. maí. Þá voru 8 nemendur útskrifaðir úr 7. bekk. Þar af fara 7 í Flúðaskóla á næsta ári, það eru Andrea Ýr, Anton Gabríel, Ágúst, Gylfi Dagur, Hugrún Embla, Hrafnhildur og Rakel. Einn útskriftarnemandi, Gerður Arna, flytur burt úr sveitarfélaginu ásamt bróður sínum, honum Kolbeini Benedikt, sem lauk 3. bekk í vor. Einn nemandi til viðbótar flutti frá okkur, en það var Kolbrún Gyða. Að auki kvöddum við þrjá kennara skólans, þær Eygló, Katrínu og Sól-rúnu og svo er Bergleif og Jóhanna að hætta með mötuneytið. Allir sem voru kvaddir fá góðar óskir um farsæld á nýjum vettvangi.



Á skólaslitunum voru sigurvegurum sundkeppninnar afhentir farandbikarar og veittar voru sérstakar viðurkenningar fyrir félagsfærni. Það var Gerður Arna Guðjónsdóttir sem hlaut viðurkenningu í eldri hóp fyrir að vera jákvæð og kurteis í samskiptum, sýna hjálpsemi gagnvart skólafélögum og í samvinnu. Gerður sýnir umburðalyndi um leið og hún ert dugleg og jákvæð. Í yngri hóp hlaut Ástráður Unnar Sigurðsson viðurkenningu fyrir góða félagsfærni sem lýsir sér í góðri framkomu, kurteisi, hjálpsemi og umburðalyndi gagnvart skólafélögum þínum. Allt eru þetta góðir og kærkomnir eiginleikar til að rækta áfram í lífinu.

Þakka ykkur fyrir skemmtilegt og viðburðaríkt skólaár kæru nemendur, foreldrar og samstarfsfólk. Þetta er flottur og öflugur skóli sem leggur áherslu á umburðarlyndi og virðingu við fólk og umhverfi og við getum svo sannarlega verið stolt af. Hér á myndinni eru allir nemendur skólans þetta skólaár. Hafið það gott í sumar.

Sumarkveðja,
Ingibjörg María,
skólastjóri
Þjórsárskóla.



Körfuboltadeild UMFH

Nú er vetrarstarf körfuboltadeildarinnar lokið að sinni og „slúttin“ búin hjá öllum flokkum.

Starfið gekk mjög vel í vetur og voru börnin dugleg að æfa. Það var gaman að fylgjast með framförum, sigrum og nokkrum töpum hjá þeim sem jú líka eru nauðsynleg til að læra af. Þetta eru frábærir krakkar!



Við í stjórninni vinnum nú að því að ráða þjálfara fyrir næsta vetur. Það verða hins vegar breytingar á skipun stjórnarmanna þar sem Kolbrún Kristín Daníelsdóttir gefur ekki kost á sér áfram í þágu deildarinnar. Við kunnum henni bestu þakkir fyrir vel unnin störf undanfarin ár og vonumst til að geta fengið að leita til hennar eftir góðum hugmyndum☺.

Stjórn næsta vetrar verður svona:

Óskar Rafn Emilsson-formaður

Helgi Sigurðsson –gjaldkeri

Bente Hansen-ritari

Hafið það sem allra best í sumar.

Kveðja, stjórnin.

Gönguferð í Gránunes

Lagt af stað frá Gíslaskála í Svartárbotnum 19. júní kl. 13:00.

Áætlað er að gangan taki 3-4 tíma.

Til að komast í Gránunes þarf að vaða Svartá. Þátttakendur þurfa að vera við því búnir.

Leiðsögumaður er Jón Karlsson í Gýgjarhólskoti

Gránunes er einstakur staður frá náttúrunnar hendi.

Þar er gömul fjárrétt og á staðnum tengjast ótal sögur allt frá dögum Reynisstaðabræðra.

Að lokinni göngu bjóða staðarhaldarar í Svartárbotnum upp á kaffi kökur í Gíslaskála.

Fyrir þá sem vilja dvelja lengur en dagsstund í faðmi fjallanna, er tilvalið að panta gistingu í þessum glæsilega skála.

Uppl. Í síma 895-9500

Niðurstöður sveitarstjórnarkosninga í

Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2010.

Þrír listar buðu fram til kosninga og fengu þeir allir fulltrúa í sveitarstjórn.

K-listi Farsælla framfarasinna með 57,6% atkvæða og þrjá menn kjörna. N-listi Nýrra tíma nýs afls með 26,3% og einn mann kjörinn og E-listi Einingar með 15,8% og sömuleiðis einn mann kjörinn.

Á kjörskrá voru 371 kjörsókn var 87,1% auðir og ógildir seðlar 0,3%

Sveitarstjórn kjörtímabil 2010-2014 er því þannig skipuð

1. Gunnar Örn Marteinsson, Steinsholti (K)
2. Harpa Dís Harðardóttir, Björnskoti (K)
3. Oddur Guðni Bjarnason, Stöðulfelli (N)
4. Jón Vilmundarson, Skeiðháholti 1 (K)
5. Björgvin Skafti Bjarnason, Brautarholti 4 (E)

Fimm menn eru til vara:

- Sigrún Guðlaugsdóttir, Haga (K)
Einar Bjarnason, Hamragerði 11 (K)
Björgvin Þór Harðarson, Laxárdal 1a (K)
Helga Kolbeinsdóttir, Tröð (N)
Jóhanna Lilja Arnardóttir, Brautarholti 10b (E)

Fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar er þann 15. júní þá er að venju kosinn oddviti og varaoddviti og skipað í nefndir.

Verðlisti frá Búnaðarfélagi Skeiðahrepps

Ásmundur Lárusson í Norðurgarði sér um tækin og tekur á móti pöntunum í síma 895-8436

Tækin eru staðsett í Norðurgarði og á Reykjum hjá Rúnari (sími 693-4783)
Þessi tæki eru til útleigu í sumar:

Tæki	Verð		Lágmarksgjald
Leiga á loftpressu	1.800	klst	
Leiga á sáðbeðsherfi	2.400	klst	3.500
Leiga á pinnatætara	2.400	klst	3.500
Leiga á vendiplógi	2.400	klst	3.500
Leiga á plógi	2.200	klst	3.500
Leiga á steypuhrærivél	1.200	tökugjald	
Leiga á sláttuvél	850	klst	3.500
Leiga á kornsnigli	300	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á flaghefli	600	klst	3.500
Leiga á Khun tætara	2.400	klst	3.500
Leiga á fjölnotadreifara	15.600	dagsgjald	
Leiga á kornsnigli-stórum	360	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á haugtanki NC	15.600	dagsgjald	
Leiga á kerru	3.500	dagsgjald	
Leiga á kornvalsi	2.400	tn	10.000 gjaldfært eftir 5 tn
Leiga á valtara	2.400	klst	4.500
Kornsláttur	18.000	klst	5.000 Komugj.
Húsaleiga	1.600	fm	

10% afsláttur er veittur félögum í Búnaðarfélögum Skeiða- og Gnúpverja

Skarni ehf leigir út mykjudreifara sem getur felld mykjuna ofan í svörðinn eða dreift henni með slöngum, dreifarinn er eingöngu leigður út með dráttarvél og manni. Afköstin eru mjög mikil eða u.þ.b. 60—100 tn á klst.

Davíð Ingvason á Brjánsstöðum vinnur með dreifarann og tekur á móti pöntunum í s. 898-9154

Búnaðarfélag Skeiðahrepps

(Endilega geymið auglýsinguna!)

Kvennahlaup 2010

KONUR ERU KONUM BESTAR!

Hið árlega **Kvennahlaup ÍSÍ fer fram 19. júní nk. að Árnosi kl 11.00 fh.**

Hægt er að láta skrá sig á staðnum frá kl. 9.30

Þátttökugjald er **1.250. kr.** Innifalið í verði er: Bolur, Egils Kristall og Weetabix.

Boðið er uppá 3 vegalengdir, **2 km, 3 km, og 4,5 km.** Þú ræður hraðanum sjálf,

þú ferð á þeim hraða sem þér hentar best, gengur, skokkar eða hleypur.

Hægt er að skrá sig hjá Dúddu frá 6.júní í sínum 861-0015 og 486-6025,

Það eru allar konur velkomnar, og ekkert aldurstakmark!

Hressing er að hlaupi loknu. **Það er frítt í sund fyrir þátttakendur**

Ég vil minna konur á að til að tryggja sér bol er best að láta skrá sig fyrirfram.

Hittumst hressar og kátar

Dúdda



Grímsævintýri

Handverksfólk-framleiðendur
athafnamenn-þjónustuaðilar

Laugardaginn 7. Ágúst nk. verður markaðsdagur á Borg Grímsnesi.

Þar verðu í boði aðstaða til að selja og kynna varning og starfsemi eins og undanfarin ár.

Á sama tíma verður tombóla kvenfélagsins og margt, margt fleira.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í markaðsdeginum og vera með sölubása hafi samband,
fyrir 31.júli, við:

Áslaugu í síma 895-7117 eða netfangi aslaug@gogg.is

Kristín í síma 862-2301 eða netfangið stina@gogg.is

67. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 1. júní 2010 kl: 13.00 í Árnosi.

Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Tryggvi Steinarsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

1. Fundur stjórnar skipulags-og byggingafulltrúaembættis uppsveita og Flóahrepps 5.fundur haldinn 18.05.10.
Fundargerð lögð fram
2. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 24. fundur haldinn 18.05.10. einnig afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 43. fundur og 44. fundur.
24. fundur
mál nr. 8 Reykir gripahús
mál nr. 19 Ásólfssstaðir II breyting á deiliskipulagi
mál nr. 20 Blesastaðir III lóð nr. 5 landskipti
Ekki gerðar athugasemdir af hálfu hreppsnefndar.
Afgreiðsla 43. lögð fram
Afgreiðsla 44. lögð fram
3. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla 47. fundur haldinn 29.04.10.
Fundargerð staðfest
4. Fundur oddvitaráðs uppsveita- Laugaráslæknishérað haldinn 26.02.10.
Fundargerð staðfest
5. Fundargerð fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu haldinn 21.05.10.
Fundargerð lögð fram.
6. Fundargerð stjórnar SASS 433. fundur haldinn 14.05.10 einnig tilkynning um dagsetningu á ársþingi SASS 2010. Fundargerð lögð fram
Bókun: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur óheppilegt að ársþing SASS sé haldið dagana 9. og 10 sept. þar sem þetta eru réttadagar hjá nokkrum sveitarfélögum. Sveitarstjórn óskar eftir að stjórn SASS endurskoði ákvörðun sína.
7. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 189. fundur haldinn 05.05.10.
Fundargerð lögð fram.
8. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 126. fundur haldinn 12.05.10
Fundargerð lögð fram.
9. Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 121. fundur haldinn 17.05.10.
Fundargerð lögð fram.
10. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 292. fundur haldinn 12.05.10.
Fundargerð lögð fram.

11. Fundargerð Héraðsnefndar Árneseinga 51. fundur haldinn 8. og 9. 04.10.
Fundargerð lögð fram.
12. Erindi frá styrktarsjóði EBÍ.
Erindi lagt fram.
13. Erindi frá Stofnun Árna Magnússonar með ósk um fjárstuðning vegna útgáfu valinna örnefna. Erindinu hafnað
14. Erindi frá Sóknarnefnd Stóra- Núpssóknar með ósk um fjárstuðning umfram áður veittan stuðning vegna framkvæmda við stækkun kirkjugarðs.
Sveitarstjórn telur að hún hafi uppfyllt skyldur sínar á grundvelli laga nr.36/1993 en ákveður þrátt fyrir það að verða við ósk sóknarnefnd Stóra-Núpssóknar frá 7. desember 2009 um framlag að upphæð 1 milljón króna, tekið af eigið fé og vísað til fjárhagsáætlunar.
15. Erindi frá Sóknarnefnd Ólafsvallakirkju með ósk um fjárframlag v/lagningu á bundnu slitlagi á bílastæðum.
Sveitarstjórn samþykkir að leggja 1 milljón króna í styrk til verkefnisins. Tekið af eigið fé og vísað til fjárhagsáætlunar.
16. Ingvar og Tryggvi þakka samstarfið í sveitarstjórn á síðasta kjörtímabili og einnig vilja þeir þakka öllu því góða fólki sem við höfum unnið með á sveitarfélagsins vegum síðustu fjögur ár. Um leið vilja þeir óska nýkjörinni sveitarstjórn velfarnaðar á komandi kjörtímabili.
Gunnar, Jón og Skafti þakka Ingvari og Tryggva samstarfið síðastliðin fjögur ár og bjóða nýtt fólk velkomið til starfa.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 13.30

Frá félagsheimilinu Árnesi.

Kanaríeyjahátíð í Árnesi 16. - 18. júlí 2010

Föstudagskvöld: Harmonikkuball

Laugardagur kl. 19:00 Hátíðarhlaðborð. Happprætti (miðar seldir á staðnum) fjöldi góðra vinninga og aðalvinningur er flugfar fyrir tvo til Kanaríeyja neð Heimsferðum! Sungið og trallað þar til dansleikur hefst kl. 23:00 með Labba og Bassa fram á rauða nótt.

ALLIR VELKOMNIR

Verum kát og hress í Árnesi helgina 16.—18. júlí.

KANARÍEYJAFLAKKARAR

Pistill frá oddvita.

Sveitarstjórnarkosningar

Sveitarstjórnarkosningar eru vettvangur fyrir íbúana að velja sér fólk til forystu. Í nýafstöðnum kosningum urðu víða talsverðar breytingar í sveitarstjórnnum og þá mátti lesa það úr úrslitunum að fólk valdi sér fólk til forystu í sveitarstjórnnum eftir frambjóðendum frekar en flokkum. Það er vel og minnir enn og aftur á nauðsyn þess að kjósendur geti haft meiri áhrif á röðun frambjóðenda. Á nýafstöðnu kjörtímabili þurfti sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps að taka á ýmsum málum sem á köflum var talsverður næðingur um, ber þar hæst breytingar á rekstri leik- og grunn-skóla og skipulagsmál vegna virkjanaframkvæmda í neðri Þjórsá. Það var því ekki sjálfgefið að K- listi sem borinn var fram af þeim sem mynduðu meirihluta í sveitarstjórn á síðasta kjörtímabili hlyti brautargengi í kosningum, við erum því mjög ánægð með þá afgerandi kosningu sem við hlutum og þær góðu viðtökur, sem við fengum, hvar sem við komum. Við þökkum stuðninginn og munum kappkosta hér eftir sem hingað til að stjórna af festu og sanngirni með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn er tekinn til starfa, tíu unglingar eru í honum þetta sumarið og fær hver og einn vinnu í sex vikur. Það er mikill kraftur í þessu unga fólki og óhætt að segja að þau séu sér og sínum til mikils sóma. Stefanía Eypórsdóttir í Árnesi starfar með Ara í áhaldahúsinu í sumar og Valdimar Stefán Sævaldsson Brautarholti leysir Ara af þegar hann fer í sumarfrí.

Landnámsdagur

Landnámsdagurinn var haldinn 5. júní, tókst hann frábærlega, boðið var upp á fjölbreytilega dagskrá sem heppnaðist vel og stóð undirbúnings-nefndin sig með miklum sóma við undirbúning og framkvæmd dagsins. Undirritaður komst því miður ekki á allt sem í boði var þennan dag en ég fór í Ólafsvallakirkju og hlustaði á skemmtilegt og fróðlegt erindi hjá

séra Axel Árnasyni um Ólaf tvennumbrúna, fór einnig í þjóðveldisbæinn og sá þá fjölbreyttu dagskrá sem þar var í boði sem innihélt meðal annars upplestur, örmessur, leiksýningu, dans, og sýningu á fornum leikjum. Stefnt er að því að halda slíkan dag annað hvert ár.

Stína kokkar

Breitt fyrirkomulag verður á rekstri í félagsheimilinu Árnesi í ágúst en þá rennur út samningurinn sem verið hefur í gildi við Bergleif og Jóhönnu varðandi reksturinn í húsinu þar með talið mötuneyti fyrir skólann. Ekki er endanlega ákveðið hvaða fyrirkomulag verðu á rekstrinum í framtíðinni en næsta vetur verður Stína kokkur á Flúðum með mötuneytið, óhætt að segja að mikill fengur sé af því fyrir sveitarfélagið að fá slíka manneskju til starfa, en hún er eins og margir vita mjög fær á sínu sviði. Þetta starf var auglýst og sóttu fjórir um.

Oddviti.



Ekkert fréttabréf kemur út í júlí!

Næsta Fréttabréf kemur út mánudaginn 16. ágúst.
Skilafrestur efnis er til þriðjudagsins 10. ágúst.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Kristjana Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður er Gunnar Örn Marteinsson oddviti.

Þjórsárskóli selur saumavélar!

Fimm Husquarna saumavélar eru til sölu.

Vélarnar eru á mismunandi aldri og mismunandi ástandi.

Kominn er tími á smurningu og stillingu á þeim öllum.

Samkvæmt upplýsingum frá verkstæðinu hjá Pfaff á Grensávegi kostar það 10.000 kr.

Vélarnar eru til sölu á 7 -12.000 kr.

Nánari upplýsingar um vélarnar veitir Bolette 862-5461.

Þarftu að láta mála húsin eða útihúsin fyrir sumarið?

Nú er rétti tíminn til að huga að útivinnunni.

Endilega hafið samband

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Málrameistari

Sími: 868 6576

Netfang: allimal@simnet.is



Atvinnuuppbyggingarsjóður

Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Mínum á að stofnaður hefur verið sjóður til atvinnuuppbyggingar á vegum sveitarfélagsins. Megin hlutverk hans er að efla byggð og atvinnu í sveitinni og styrkja verkefni sem lúta að atvinnuþróun og nýsköpun.

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu hreppsins,

<http://www.skeidgnup.is/þjónusta> og í mars Fréttabréfi Skeið-Gnúp. 2010.

Oddviti.

Frá Félagsheimilinu Árnesi

Nú er lag í Árnesi!

Félag Harmonikkuunnenda verður í Árnesi helgina
30. júlí—2. ágúst (verslunarmannahelgina).

Tónleikar kl. 14:00 — laugardag.


Hátíðarhlaðborð kl. 19:00 — sunnudag.

Dansleikir öll kvöldin.



Verið velkomin.

Harmonikkuunnendur.



Kæru kjósendur N- listans.

Okkar bestu kveðjur og þakklæti til allra sem studdu okkur í kosningunum 29. maí sl. Það er okkur hvatning að halda áfram að koma stefnumálum okkar á framfæri. Við höfum fulltrúa í sveitastjórn til að standa vaktina. Verðum öll samferða.

Kveðja til allra.

N-listinn

Smá upplýsingar til upprifjunar um sorpflokkunina!

Margs konar smáhlutir úr málum falla til á heimilum t.d. niðursuðudósir, álpappír, málmur utan um sprittkerti, málmlok af krukum o.fl. Þessa smáu málmhluti má setja í grænu tunnuna, í glærum plastpoka!

Við endurvinnslu á áli eru aðeins notuð 5% af þeirri orku sem annars þyrfti til framleiðslunnar.

kg

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9—12 og 13—15. Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) - www.skeidgnup.is

Lokað vegna sumarleyfa frá 12. júlí til 4. ágúst.

Fréttir frá Leikholti

Þann 11. júní var vorhátíð leikskólans haldin með pomp og prakt. Börn og full-orðnir nutu sín í blíðskapar veðri og komu margir foreldrar, systkin og fleiri til að halda daginn hátíðlegan. Foreldrafélag leikskólans, *Leiksteinn* stóð myndarlega að hátíðinni í samstarfi við leikskólann og útbúin var meðal annars þrautabraut, grillaðar pylsur, ís, skreytt var með blöðrum og borðum, börnin fengu andlitsmálningu og Ingvar og Svala í Fjalli komu með tvo gamalreynda reiðhesta og teymt var undir börnunum.

Síðast en ekki síst komu leynigestir, engir aðrir en Trjálfarnir úr stundinni okkar. Þeir sungu og trölluðu fyrir okkur, sögðu okkur að fara vel með náttúruna og flokka ruslið okkar og fengu alla til að dansa og tjúttu í lokin – mikið var hlegið, það var nokkuð víst.

Á hátíðinni var útskrift elstu barnanna í leikskólanum og fengu þau birkiplöntu og útskriftarskjal í hönd. Við þökkum þeim kærlega fyrir samveruna öll þessi ár.



Börnin heita (fá vinstri) Leifur Þór, Elín Ásta, Sunna Maríanna, Guðný Vala, Sigrún Angela, Valdimar Örn, Margrét Inga og Lára. (á myndina vantar Hauk og Sölva)

Bestu kveðjur frá Leikholti
Börn og starfsfólk.

Allir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fá frítt í sund! Nýtið ykkur það! Sundgleraugu og fleiri vörur tengdar sundi eru seldar í sundlaugunum.

**Sjáumst í sundi!!
Sundlaugarverðir** 👍



Frá umf Skeið ☺

Að leikjanámskeiði loknu ætlum við að standa fyrir frjálssípróttæfingum í Brautarholti.

Þær verða kl. 17:30 – 19:00 á miðvikudögum. Þjálfari verður Rúnar Hjálmarsson, sem var með æfingarnar í vetur.

Fyrsta æfing verður miðvikudaginn 23. júní.

Enginn kostnaður. Allir velkomnir.

Íþróttahátíð HSK verður haldin á frjálssípróttavellinum í Þorlákshöfn laugardaginn 26. júní nk. kl. 10:00 – 14:30, upphitun hefst kl. 9:30. Á hátíðinni fer fram keppni á aldursflokkamóti HSK 11-14 ára og héraðsleikum HSK 10 ára og yngri.

Þeir sem ætla að taka þátt hafi samband við Láru s: 486 5514 / 847 5353.



Kæru sveitungar!

Komnar eru hinar vinsælu bakkaplöntur að Stöðulfelli. Þeir sem hafa áhuga hafið samband sem fyrst við Odd í síma 865 4449 eða 486 6015. Þeir sem eru með bakka síðan í fyrra endilega skila þeim.

kv. Oddur Bjarnason



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



TAXI – TAXI

LEIGUBÍLL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
8 FARÞEGA BÍLL, STAÐSETTUR Á FLÚÐUM
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA: **893-1462 (UNNAR)**

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804




Sumarlokum skrifstofu hreppsins

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps
verður lokuð vegna sumarleyfa


frá 12. júlí, til 4. ágúst. Ingvar Hjálmarsson í Fjalli sér um fjallaskálana **Klett og Hallarmúla** og síminn hjá honum er 891-9597 þá hefur Eypór Brynjólfsson verið ráðinn umsjónarmaður skálanna í **Tjarnarveri, Bjarnalækjarbotnum og Gljúfurleit** síminn hjá honum er 897-1112.

Hægt verður að ná í starfsmann Áhaldahússins í síma 898-0370, Valdimar Stefán og einnig er hægt að ná í oddvita ef nauðsyn krefur, 895-8432 á meðan skrifstofan er lokuð. Oddviti.

Frá félagsheimilinu



Árnesi



Boltinn í beinni í sumar!



Á bak við eldavélina



Bolette skoraði á mig í síðasta fréttabréfi að koma með eitthvað gott, og mig langar að deila með ykkur einum af mínum gómsætu réttum frá heimalandinu, Þýskalandi.

Fylltar lundir eða á móðurmálinu: **Gefuellte Lende** -

Þýsk uppskrift, sem er gómsætur kjötréttur með lundum.

Það má nota lamba, nauta eða svínalundir í þennan rétt bara eftir því hvað fólk vill.

- Lundir, - Sveskjur, - 1 matsk. sykur, - 5 negulnaglar- 1 kanilstöng, - bacon, - kjötkraftur, - 1 bolli rauðvín.

Sjóðið sveskjur, kanilstöng, negul, sykur, rauðvín þangað til sveskjurnar eru mjúkar eða í ca. 10 mín. Skerið aðeins í lundirnar eftir endilöngu til að opna þær örlítið. Fyllið lundirnar með sveskjumaukinu og vefjið bacon utanum þær. Snögg steikið lundirnar á pönnu og hellið svo safanum af sveskjumaukinu á pönnuna. Bæta smá kjötkraft út í og látið malla í hálfa klukkustund. Gott er að setja jafnvel romm og rjóma út í sósuna. Berið fram með kartöflum og grænmeti.

Verði ykkur að góðu.

Ég vil skora á Gunnar kaupmann að koma með uppskrift í næsta blað.

Kveðja Kirsten Leiti



Set hér aftur **Broccoli salatið** hennar Bolette, þetta er svo girnilegt salat. (kg).

Broccoli salat

1 broccoli haus

1 hnefi sólblómafræ

80 g rúsínur

1 rauðlaukur

Hausinn skorinn í búta

og allt set í skál.

1 dós 10% sýrður rjómi

2 msk. rauðvínsedik

1,5 msk. hrásykur

Hrærið öllu saman

og hellið yfir salatið í skálinni.

Landbúnaðarverslun

Sendum með
mjólkurbílnum



Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltþjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Rafgirðingarefni



Skeifur
og fjaðrir

Sleipiefni og
litaspray
fyrir
sauðburðinn



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss



Sími 480 5600
landstolpi.is

Frá Kvenfélagi Skeiðahrepps Vorfundur og garðaskoðun

Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn sunnudaginn 20. júní. Að þessu sinni höldum við hann í Kríunni í Gaulverjabæ og hefst hann klukkan 15:00. Á fundinum mun gjaldkeri rukka árgjald sem er 1.500 kr.

Fyrir fundinn ætlum við að fara í garðaskoðun að Skólavöllum 1 á Selfossi en þar býr Guðmundur Bjarnason, skrúðgarðyrkjumeistari. Guðmundur tekur á móti okkur klukkan 13:00, sýnir okkur garðinn sinn ásamt því að fræða okkur og svara spurningum. Hittumst við Kertasmiðjuna klukkan 12:30 og sammælumst í bíla.

Kveðja,
Stjórnin



Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dómur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME
Tímarpantanir í síma **566-8342** og **856-1599**

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Lestrarfélag

Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu Brautarholti

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

Opnunartími:

Mánudagur kl. 16 -18

Miðvikudagur kl. 16 -18

Fimmtudagur kl. 20 -22




Sumarlokun í júlí.

Lokað verður frá og með 30. júní - 4. ágúst.

Verið nú dugleg að skila inn bókunum!

Forstöðumaður.

Langar þig að koma og vinna með okkur ?



Leikskólinn Leikholt

Leikskólinn Leikholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi auglýsir eftir leikskólakennara í stöðu deildarstjóra til afleysinga til eins árs. Óskað er eftir jákvæðum og öflugum einstaklingi sem hefur áhuga og metnað til að starfa með yngstu börnum leikskólans. Lögð er áhersla á lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og metnaði gagnvart starfinu.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Umsóknarfrestur er til 30. júní og skal umsóknum skilað: Leikholt, Brautarholti, 801 Selfoss eða á netfangið leikskoli@skeidgnup.is Nánari upplýsingar veitir Vilborg Ástráðsdóttir leikskólastjóri, sími: 486 5586 og 863 9689 og eða á leikskoli@skeidgnup.is



Leikskólinn Leikholt, Brautarholti.

Landnámsdagur 2010



Víkingahópurinn Hringhorni frá Akranesi sýndi gestum gamla leiki.



Hér er spunnið á einfaldan og öruggan máta.

“Hringhornar” reyna sig í gömlum leikjum.



Skroppið á bak í Skaftholtsréttum.
Ari Einarsson á Hæli og Hafdís.



Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Neslaug s: 486 6117 - Skeiðalaug s: 486 5500

Sumaropnun 5. júní—15. ágúst 2010

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	13 – 18	13 – 21
Þriðjudaga:	13 – 21	13 – 18
Miðvikudaga:	13 – 18	13 – 21
Fimmtudaga:	13 – 21	13 – 18
Föstudaga:	13 – 18	13 – 18
Laugardaga:	10 – 18	10 – 18
Sunnudaga:	10 – 18	10 – 18

Hætt er að
selja inn
hálf tíma
fyrir
lokun!